

Reglur um heiðursborgara Garðabæjar

1. gr.

Bæjarstjórn er heimilt með einróma samþykkt að útnefna sérstakan heiðursborgara Garðabæjar.

2. gr.

Ávallt skulu líða að minnsta kosti fimm ár á milli samþykktu bæjarstjórnar á útnefningu heiðursborgara.

3. gr.

Við útnefningu heiðursborgara skal hafa hliðsjón af störfum viðkomandi aðila í þágu bæjarfélagsins eða afrekum í þágu lands og þjóðar.

4. gr.

Bæjarstjórn skal heimilt samkvæmt fjárhagsáætlun að veita heiðursborgara sérstakt framlag.

5. gr.

Reglur þessar voru samþykktar á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar 3. október 2013 og skulu endurskoðaðar fyrir árslok 2015.

Garðabæ, 3. október 2013

Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.